

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 66. stjórnarfundur 28. febrúar 2008 kl:16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 1. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Einar Björn Kristbergsson, Þráinn Lárusson, og Sigurbjörn Marinósson. Halldóra D. Hafþórsdóttir var í síma. Elfa Rúnarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Stjórn skiptir með sér verkum.**
- 2. Starfsmanna mál.**
- 3. Staða mála.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Þráinn Lárusson , varaformaður
Halldóra D. Hafþórsdóttir ritari

2. Starfsmannamál.

A: Auglýst var eftir ritara. Sex sóttu um og var Kristín Óskarsdóttir ráðin frá 1. des. 2007.

B: Verið er að ganga frá ráðningu sálfræðings, María Huldar Ingólfssdóttur.

Mun hún byrja í haust um mánaðarmót ágúst/sept. 2008.

3. Staða mála

Sigurbjörn kynnti stöðu mála, frá því í haust hafa bæst við 350 mál. Mikið álag er á öllum starfsmönnum. Rætt var um samstarfsverkefni Skólaskrifstofunnar og HSA, „Byggjum brýr” og ABG verkefnið sem er enn í vinnslu.

Olweusarverkefnið – verið að innleiða í skóla Fjarðabyggðar og Grunnskóla Egilsstaða og Eiðum.

Lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar verður 11. og 12. mars. nk.

4. Önnur mál

- I. PISA fundur 6. mars kl: 16:00 – 18:00 í ME, niðurstöður fyrir Austurland kynntar.
- II. Rætt um niðurstöður í samræmdum prófum 4. og 7. bekk.
- III. Ráðning náms- og starfsráðgjafa. Sagt frá verkefni Djúpavogshrepps í samvinnu við Skólaskrifstofu Austurlands og Þekkingarnet Austurlands.
- IV. Skýrsla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og grunnskólann, stjórnarsýsluúttekt frá janúar 2008. Sigurbjörn mælti með því að stjórnarmenn kynntu sér skýrsluna. Skýrslan lögð fram.
- V. Skýrsla: Kynning á sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Kynning.
- VI. Í lok Okt. 2007 komu í heimsókn frá Reykjavík yfirstjórn menntamála og skólastjórnendur.
- VII. Ýmsir fræðslufundir framundan, sem Sigurbjörn kynnti
- VIII. Umsóknir í endurmenntunarsjóð grunnskóla. Sigurbjörn fór yfir umsóknir Skólaskrifstofunnar fyrir námskeið haust 2008.

Fundi slitið kl: 17:45

Svanhvít Aradóttir (sign)

Þráinn Lárusson (sign)

Einar Björn Kristbergsson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)